



MMF 03.002 Lökkun gamalla hurða og karma innanhúss, tvær umferðir.

1. Hreinsa og skafa lausa málningu.
2. Slípa.
3. Grunna.
4. Blettspartla með lakkspartli og slípa.
5. Blettspartla með lakkspartli og slípa.
6. Blettgrunna.
7. Slípa undir lakk.
8. Kítta þar sem við á.
9. Lakka með glans eða möttu lakki.
10. Slípa lauslega.
11. Lakka með glans eða möttu lakki.
12. Frágangur og tiltekt.

Hurðarspjöld mælast í fermetrum, mæla skal báðar hliðar og kanta.

Taka þarf fram hvort hurðarspjöld séu slétt, yfirfelld eða með spjöldum.

Karmar mælast í lengdarmetrum.

Taka þarf fram ef karmar eru með hvelfdum eða margbrotnum áfellum (gereftum).

Gefa þarf upp breidd karms og áfellu (gerefti).